



Rekstrarstöðvunartrygging

Skilmáli E-4

Rekstrarstöðvunartrygging er ætluð atvinnurekendum og fyrirtækjum og tekur til fjárhagslegs tjóns sem verður þegar samdráttur verður í sölu eða þjónustu vegna tjóns af völdum bruna-, vatns- eða innbrots.

Í skilmálanum merkir hugtakið „félagið“ Vörður tryggingar hf.

Um trygginguna gilda tryggingarskírteinið ásamt áritun og sérskilmálum, skilmálar þessir, almennir skilmálar félagsins nr. AS-1 og ákvæði laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004. Ákvæði í skilmála þessum ganga framur ákvæðum í almennum skilmálum ef ekki er fullt samræmi þar á milli.

Bótasvið og bótatími

1. gr. Hvað bætir tryggingin?

Tryggingin tekur til:

- tjóns sem tryggður verður fyrir vegna samdráttar að hluta eða öllu leyti í vörusölu eða þjónustu af völdum atburðar á tryggingarstað og sem bruna-, vatnstjóns- eða innbrotsþjófnaðartrygging tryggingartaka nær til. Hafi tryggingartaki einungis brunatryggingu í gildi nær rekstrarstöðvunartryggingin aðeins til rekstrarstöðvunar vegna bruna.
- aukakostnaðar sem kann að falla til á bótatíma og er rakinn til þess að atvinnuhúsnæði tryggðs verður ekki notað sökum tjóns á tryggðu lausafé eða húsi því sem lausafé er geymt í. Slíkur aukakostnaður er háður samþykki félagsins hverju sinni, bæði hvað varðar fjárhæð og tegund útgjalda.

Það er skilyrði fyrir bótaskyldu skv. gr. 1. a og b að tjónið sem veldur rekstrarstöðvuninni sé bótaskyld úr brunatrygging lausafjár, innbrotsþjófnaðartryggingu eða vatnstjónstrygging.

2. gr. Bótatími

- Bótatími er það tímabil þegar rekstrarstöðvun stendur yfir. Bótatími getur þó aldrei orðið lengri en hámarkstími rekstrarstöðvunartryggingar sem tilgreindur er á tryggingarskírteini.
- Bótatíminn telst frá og með þeim degi þegar tryggingaratburður átti sér stað.
- Rekstrartap og/eða aukakostnaður sem að öllu leyti eða að hluta verður á fyrstu 24 klukkustundunum frá því að rekstrarstöðvun varð bætist því aðeins að áhrif rekstrarstöðvunarinnar vari lengur en í 30 sólarhringa frá því tryggingaratburðurinn varð.
- Bótatímanum lýkur þegar rekstrarstöðvun er yfirstaðin eða í síðasta lagi að loknum hámarkstíma samkvæmt tryggingarskírteini.

3. gr. Hvað bætir tryggingin ekki?

- Aukið rekstrartap sem hlýst af verkbanni, verkfalli, vélarbilun, rekstrartöfum vegna endurbóta, stækkunar, fyrirmæla hins opinbera eða sambærilegra atvika.
- Aukið rekstrartap sem hlýst af almennum samdrætti í viðkomandi starfsgrein, eða vegna breytinga á markaðsstöðu tryggðs eða sökum fjármagnsskorts hans.

Almenn ákvæði

4. gr. Hvað er tryggt og hvað er ekki tryggt?

Tryggingin tekur til þeirrar tryggingarfjárhæðar og bótatímabils sem tilgreint er á tryggingarskírteini.

5. gr. Hver er tryggður?

Tryggingartaki er tryggður.

6. gr. Hvar gildir tryggingin?

Tryggingin gildir á þeim stað sem tiltekinn er í tryggingarskírteini.

7. gr. Varúðarreglur

Um tryggingu þessa gilda varúðarreglur sem fram koma í skilmálum lausafjártrygginga nr. E-3, E-11 og E-12.

8. gr. Tryggingarfjárhæð

Við útreikning á tryggingarfjárhæð eru lagðir til grundvallar ársreikningar tryggðs fyrir síðastliðið rekstrarár eða eftir atvikum árshlutareikningar. Tryggingarfjárhæð er reiknuð á eftirfarandi hátt:

$$\text{Tryggingarfjárhæð} = \text{Framlegð liðins árs} + \text{Hækkun framlegðar} + \text{Aukakostnaður}$$

Útreikningur á framlegð og frekari skýringar eru hér að neðan.

a. Framlegð liðins árs jafngildir:

$$\text{Framlegð} = \text{Ársvelta án vsk.} - \text{Vörukaup} - \text{Breytilegur kostnaður} - \text{Niðurfallinn launakostnaður}$$

- Ársvelta nemur allri sölu án virðisaukaskatts.
- Vörukaup jafngilda kostnaðarverði hráefna, innkaupsverði söluvöru og annars varnings.
- Breytilegur kostnaður getur komið til frádráttar ef til tjóns kemur. Til dæmis flutningskostnaður, rafmagns- og hitakostnaður og fleira.
- Ef sýnt er að launakostnaður lækki vegna tjóns kemur til lækkunar bótafjárhæðar sú fjárhæð er jafngildir mismun á ætlaðri fjárhæð launakostnaðar ef ekki hefði komið til tjóns og raunverulegri fjárhæð launakostnaðar.

b. Hækkun framlegðar er áætluð í samræmi við áætlaðan vöxt.

c. Aukakostnaður er ýmiss óbeinn kostnaður sem getur fallið til við bótaskyld tjón. Hér getur t.d. komið til kostnaður vegna flutninga og tímabundinnar húsaleigu.

d. Tryggingarfjárhæð telst ekki vera sönnun á tryggðum hagsmunum.

e. Tryggingartaka ber að gæta þess að tryggingarfjárhæð sé í samræmi við áhættu á hverjum tíma.

9. gr. Ákvörðun bóta

a. Félagið greiðir bætur vegna rekstrarstöðvunartjóns sem verður á bótatíma, en getur þó aldrei orðið lengri en hámarkstími samkvæmt tryggingarskírteini.

b. Tjón nemur mismun á reiknaðri framlegð eins og hún hefði orðið miðað við ótruflaðan rekstur annars vegar og raunverulegri framlegð á bótatímabilinu hins vegar.

c. Bætur eru aðeins greiddar fyrir það raunverulega tjón sem orðið hefur á bótatímabilinu og aðeins fyrir þann hluta af tjóninu sem eingöngu orsakast af stöðvun þeirri eða samdrætti á rekstrinum sem rekja má til tjóns sem bruna-, vatnstjóns- eða innbrotspjófnadartrygging tryggingartaka nær til.

d. Sé ekki fyrirhugað að hefja starfsemi tryggðs að nýju miðast bótafjárhæð við þann tíma sem eðlilegt má telja að liðið hefði þar til rekstur hefði getað hafist að nýju, þó aldrei lengra tímabil en hámarkstími tryggingar samkvæmt tryggingarskírteini. Bætur á þessu tímabili miðast við óhjákvæmilegan, sannanlegan kostnað tryggðs.

e. Hafi reksturinn stöðvast varanlega af orsökum sem tryggður ræður ekki við greiddast bætur samkvæmt b. lið 9. greinar, þó aldrei í lengri tíma en eðlilegt hefði mátt telja að liðið hefði þar til rekstur gæti hafist að nýju og aldrei lengur en bótatímabil sem fram kemur á tryggingarskírteini.

f. Greiðsla aukakostnaðar er háð samþykki félagsins hverju sinni bæði hvað varðar fjárhæð og tegund útgjalda.

g. Bætur geta aldrei orðið hærri en tryggingarfjárhæð sú sem tilgreind er á tryggingarskírteini, þar með talið bætur vegna aukakostnaðar.

h. Tryggðum er skylt að hafa samvinnu við félagið um ráðstafanir til að koma í veg fyrir rekstrartap eða draga úr því.

10. gr. Eigin áhætta

Eigin áhætta nemur þeirri fjárhæð eða fyrir það tímabil sem fram kemur á tryggingarskírteini.

11. gr. Vísitala

Tryggingarfjárhæð í þessari tryggingu fylgja þróun verðlags í landinu og breytast samkvæmt vísitölu neysliverðs við hverja endurnýjun.

Skilmálar þessir gilda frá 01.04.2024